



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um umferðaröryggismál á Hverfisgötu (R21110260).

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 23. nóvember 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn ráðsins:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði um hvort og þá hvaða umferðaröryggisaðgerðir eru fyrirhugaðar við Hverfisgötuna þegar kemur að öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Íbúaráðinu hafa borist til eyrna áhyggjur íbúa vegna öryggis barna sem þurfa að fara yfir Hverfisgötu í Tónmenntaskóla Reykjavíkur við Lindargötu sem og barna sem búa neðan við Hverfisgötu og þurfa að fara yfir hana á leið í Austurbæjarskóla. Sérstaklega er bent á skort á gangbrautarljósum í þessu sambandi. Íbúaráðið óskar jafnframt eftir að gerð verði hraðamæling við götuna og ráðið upplýst um niðurstöðurnar þegar þær liggja fyrir.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar vinnur nú að gerð tillögu um umferðaröryggisaðgerðir ársins 2022. Þörf á bættum gönguþverunum í Hverfisgötu er nú þegar skráð í vinnugrunn umferðaröryggisaðgerða borgarinnar en í grunninn eru nú skráðir á um fjórða hundrað staðir þar sem þörf er á umferðaröryggisaðgerðum. Ekki liggur fyrir hvaða umferðaröryggisaðgerðir verður farið í að svo stöddu.

Árið 2021 voru gerðar tvær nýjar gangbrautir á Hverfisgötu, annars vegar við Frakkastíg og hins vegar við Barónsstíg. Fyrir liggur að á næstu árum verða á Hverfisgötu umtalsverðar framkvæmdir vegna Borgarlínu og samhliða þeim verður unnið að bættu umferðaröryggi við götuna.

Á hverju ári hefur umhverfis- og skipulagssvið ákveðið fjármagn sem ætlað er í umferðaröryggisaðgerðir en ekki er raunhæft að ná að lagfæra alla hættustaði á einu ári sökum umfangs og kostnaðar. Það er því nauðsynlegur hluti vinnunnar að forgangsraða aðgerðum og reyna að hámarka árangur í að fyrirbyggja alvarleg slys í samræmi við stefnu borgarinnar. Við það mat er haft til hliðsjónar slysasaga, gönguleiðir skólabarna, staðsetningar skóla og íþróttasvæða og annarra tómtunda, umferðarhraði, aðstæður auk annarra þátta, eins og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Samkvæmt nýjustu gögnum (frá 2020) um umferðarhraða í Hverfisgötu er brotahlutfall fremur lágt eða um 7%. Sjálfsagt er þó að verða við þeirri beiðni ráðsins að framkvæma hraðamælingu í götunni og upplýsa ráðið um niðurstöðu hennar þegar hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri